

Bráðger börn í grunnskóla

Skýrsla starfshóps

Birna Sigurjónsdóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, formaður
Eiríkur Jónsson og Magnús Þór Gylfason tilnefndir af fræðsluráði
Meyvant Þórólfsson frá Kennaraháskóla Íslands
Una Björg Bjarnadóttir frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur
Ólafur Loftssons frá Kennarafélagi Reykjavíkur
Steinunn J. Ásgeirsdóttir frá SAMFOK

Júní 2004
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Almennt	3
Upplýsingaöflun starfshópsins	3
Skilgreining á hópnum.....	6
Bráðger börn – skilgreining og viðmið.....	7
Hugmyndir að úrræðum í skólum	8
Niðurstöður	10
Heimildaskrá.....	11
Fylgiskjal 1 Bréf með spurningalista til skólastjóra	
Fylgiskjal 2 Niðurstöður úr spurningalista til skólastjóra	

Starfshópur um bráðger börn

I. ALMENNT

Fræðsluráð skipaði í október 2003 starfshóp um bráðger börn sem hefur það hlutverk að móta tillögur til fræðsluráðs um hvernig verði komið til móts við þarfir bráðgerra barna innan grunnskólans með krefjandi og ögrandi verkefnum.

Helstu verkefni hópsins eru samkvæmt erindisbréfi:

- Afla upplýsinga um hvað hefur verið gert í grunnskólum sérstaklega fyrir þennan nemendahóp, m.a skoða skýrslu um verkefnið Bráðger börn – verkefni við hæfi og reynslu af því verkefni.
- Skilgreina hópinn sem um ræðir.
- Setja fram tillögur um hvernig komið verði til móts við þarfir þessara barna í grunnskólanum. Litið verði til þess að hæfileikar þessara barna geta legið á ýmsum sviðum.

Í hópnum eru: Eiríkur Jónsson formaður starfshópsins og Magnús Þór Gylfason tilnefndir af fræðsluráði, Meyvant Þórólfsson frá Kennaraháskóla Íslands, Una Björg Bjarnadóttir frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur, Ólafur Loftssons frá Kennarafélagi Reykjavíkur, Steinunn J. Ásgeirsdóttir frá SAMFOK og Birna Sigurjónsdóttir ritari og starfsmaður. Eiríkur Jónsson þurfti að fara úr hópnum af persónulegum ástæðum og var þá Birnu Sigurjónsdóttur falin formennska í hans stað.

Hópurinn hittist fyrst í lok nóvember 2003 og lauk störfum í maí 2004. Haldnir voru alls 15 fundir. Í fyrstu beindist vinnan fyrst og fremst að því að afla upplýsinga, síðan var rætt um skilgreiningar á hópnum og loks mótaðar tillögur og hugmyndir hópsins sem hér birtast í sérstökum kafla. Þróunarsvið Fræðslumiðstöðvar sendi út könnun í byrjun febrúar með spurningum sem hópurinn mótaði. Þar voru skólastjórar grunnskóla í Reykjavík beðnir um upplýsingar um hvernig komið er til móts við þennan hóp barna í skólanum greint eftir aldri (stigum) og námsgreinum. Svör bárust frá 35 skólum af 39 (sérskólar ekki taldir með).

II. UPPLÝSINGAÖFLUN STARFSHÓPSINS

Eftirfarandi upplýsingar lágu fyrir starfshópnum á fyrsta fundi:

- Bráðger börn, verkefni við hæfi. Áfangaskýrsla okt. 2003, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Minnisblað til fræðsluráðs frá 9. apr. 2003 um samstarfsverkefnið Bráðger börn, verkefni við hæfi.
- Upplýsingar til skóla haustið 2003 um samstarfsverkefnið Bráðger börn, verkefni við hæfi.
- Úrræði skóla fyrir afburðanemendur, skýrsla menntamálaráðuneytisins, júlí 2002.

A. Bráðger börn – verkefni við hæfi.

Hér er um að ræða samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar, Heimilis og skóla og Háskóla Íslands sem staðið hefur frá byrjun árs 2001. Á vorönn 2001 luku námskeiði 115 börn fædd 1988, 1989 og 1990, kennararnir voru 20 úr raunvísindadeild HÍ og viðfangsefni langflest af sviðum stærðfræði og eðlisfræði. Vorið 2002 varð sú breyting á að Háskóli Íslands gerðist formlegri aðili að verkefninu og fleiri deildir skólans skyldu leggja fram viðfangsefni auk raunvísindadeildar. Einnig var börnum úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur boðin þátttaka. Þessari lotu luku 122 börn úr Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og af Seltjarnarnesi. Kennararnir voru 17 og verkefni mun fjölbreytilegri en áður af sviðum raunvísinda, hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði, heimspeki, tækni og almennra vísinda. (Bráðger börn – verkefni við hæfi, áfangaskýrsla okt. 2003. Meyvant Þórólfsson, útg.)

Nemendur sem skólinn bendir á fá tilboð um þátttöku. Hverju sinni er í boði ákveðinn fjöldi námskeiða sem nemendur geta valið um meðan pláss eru laus. Námskeiðin fara flest fram í húsnaði Háskóla Íslands og þau fara fram utan skólatíma nemenda um helgar. Foreldrar greiða þáttökugjald hliðstætt því sem greitt er fyrir tólmstundanámskeið hjá ÍTR. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur leggur verkefninu til starfsmann sem er tengiliður við skóla og heldur utan um verkefnið og leggur því að auki til ákveðna fjárhæð á hvern nemanda. Það gera einnig önnur sveitarfélög sem taka þátt. Heimili og skóli sjá um samskipti við foreldra og innheimtu. Háskóli Íslands leggur til húsnaði og útvegar kennara. Almenn ánægja var með þetta verkefni samkvæmt könnun sem gerð var í apríl 2003. Helstu athugasemdir eru varðandi tímasetningar, inntak einstakra námskeiða og það að foreldrar þurfa að greiða fyrir þátttöku.

Vorið 2002 samþykkti fræðsluráð Reykjavíkur að halda samstarfi um verkefnið áfram skólaárið 2002 til 2003 og aftur fyrir 2003-2004. Verkefnið hefur haldið áfram með svipuðu sniði og er nú lokið námskeiðum á vorönn 2004.

B. Hvaða upplýsingar gefa samræmdu prófin og próf eins og PISA og TIMSS um bráðger börn og hvernig grunnskólinn mætir þörfum þeirra?

Júlíus K. Björnsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar kom á fund hópsins. Aðalverkefni Námsmatsstofnunar er umsjón samræmdra prófa á grunn- og framhaldsskólastigi en einnig stöðlun skimunarprófa. Lögð eru fyrir samræmd próf í tveimur greinum í 4. og 7. bekk grunnskóla og próf í sex greinum í 10. bekk. Stofnunin hefur þannig tækifæri til að fylgjast með námsframvindu einstaklinga í gegnum prófin. Námsmatsstofnun sér einnig um alþjóðleg próf sem Ísland er aðili að en þau eru:

- Timss, náttúrufræði og stærðfræði (sjá skýrslu á heimasíðu Námsmatsstofnunar).
- PISA,
PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. PISA er skammstöfun fyrir enska heiti rannsóknarinnar *Programme for International Student Assessment*. Rannsóknin er á vegum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar). Alls taka 32 þjóðir þátt í rannsókninni, þar af 28 aðildarríki OECD. Námsmatsstofnun (áður Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála) sér um framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. Verkefnisstjóri er [Júlíus K. Björnsson](#). Fulltrúi Íslands í alþjóðlegri stjórn verkefnisins er [Júlíus K. Björnsson](#). (Upplýsingar af heimasíðu Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is/PISA). Á síðunni www.oecd.org er einnig að finna skýrslur um PISA rannsóknina
- PIRLS, lestur 9 ára barna, lagt fyrir 2001.
Lestarfærni skiptir miklu fyrir skólagöngu barna og virka þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Vegna mikilvægis lestrarfærni fyrir framtíð barna hefur IEA (*International Association for the Evaluation of*

Educational Achievement) ákveðið að gera fjölþjóðlega rannsókn á læsi 9 ára barna (*PIRLS – Progress in International Reading Literacy Study*). Nú hafa 35 þjóðir ákveðið þátttöku í rannsókninni. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála tekur þátt í rannsókninni fyrir hönd Íslands. (Upplýsingar af heimasíðu Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is/PIRLS).

Vorið 2000 var aðaláherslan í PISA rannsókninni á lestur en vorið 2003 var áhersla á stærðfræði með þátttöku 50 þjóða. Árið 2006 verður áherslan á náttúrufræði. Ekki er lögð áhersla á að meta staðreyndaþekkingu heldur læsi í víðum skilningi sem grundvöll annars náms.

Árangur nemendahópsins á Íslandi í lestri árið 2000 var marktækt fyrir ofan meðallag OECD-landanna. Ísland var með svipaðan árangur og önnur Norðurlönd nema Finnland sem var með bestan árangur sinna nemenda vorið 2000. Því er vert að beina sjónum að því sem Finnar eru að gera öðruvísi en við. Þar er mikil og löng hefð fyrir því að lesa með börnum og fyrir þau heima fyrir sem væntanlega styrkir lestrarnám. Kennarar þar eru vel menntaðir með fimm ára háskólanám að baki sem lýkur með meistaraþráðu. Við verðum að finna okkar eigin leiðir til að bæta árangur fremur en að reyna að gera eins og þeir sem betri árangri ná, að mati Júlíusar.

Breiddin í frammistöðu íslensku nemendanna er minni en nokkurs staðar annars staðar. Sem segir okkur að við búum í einsleitu þjóðfélagi og við einsleitt skólakerfi. 9 % íslenskra nemenda náðu árangri í þrepi 5 (hæst) en 18% finnskra nemenda. Nemendur sem ná 5. hæfnisþrepi skilja flókið ritað mál, geta metið upplýsingar og dregið af þeim réttar ályktanir og nýtt sér margs konar sértæka þekkingu. **Þetta má túlka þannig að við gætum staðið okkur betur gagnvart efsta hópnum, allt að 20% nemenda.**

Í máli Júlíusar kom einnig fram að ekki virðast tengsl á milli bekkjarstærða og árangurs. En stuðningur kennara og námsþrýstingur tengist betri árangri. Einnig skipta tengsl kennara og nemanda máli og agaandrúmsloft í kennslu. Ekki var spurt um kennsluáðferðir eða aðstæður í kennslu.

Júlíus varpaði fram þeirri tilgátu að það sem gert er fyrir einn hóp nemenda gagnist einnig öðrum. Spurningin er ekki síst hvernig umræðan eigi að fara fram, hvert er leiðarljósið. Við höfum lítið konkret að byggja á um hvað er vænlegast til betri árangurs.

C. Þrjár skólar með sérstök úrræði

Margrét Guðmundsdóttur sem er að vinna meistaraverkefni um bráðger börn kynnti fyrir hópnum rannsókn sína og sagði frá fyrstu niðurstöðum. Hún ræddi við kennara í þremur skólum sem eru að beita sérstökum úrræðum til að koma til móts við bráðgera/dugmikla nemendur. Í einum skólanna voru þessir nemendur teknir út og hafðir sér í hóp hluta skólatímans en í hinum var beitt getuskiptingu sem kemur öllum hópum til góða. Hún kynnti sér úrræðin og fór í heimsókn í skólana, ræddi við kennara og kennsluráðgjafa.

D. Upplýsingaöflun frá skólastjórum með spurningalista

Sem fyrr segir sendi starfshópurinn ítarlegan spurningalista til allra skólastjóra í skólum Reykjavíkur í febrúar 2004, (sjá fylgiskjal 1, bréf til skólastjóra). Þar var spurt um hvernig skólinn kemur til móts við bráðger börn. Alls bárust svör frá 35 skólum af 39 (sérskólar ekki meðtaldir). Í svörum kemur fram að um 75% skóla telja sig koma til móts við bráðger börn með einhverjum hætti og um 32% skóla gerir jafnframt grein fyrir því í skólanámskrá með

hvaða hætti það er gert. 20% skóla hafa ekki skilgreint hópinn. Nokkrir skólar taka sérstaklega fram að komið sé til móts við hópinn með einstaklingsmiðuðu námi.

Spurningalistinn var aðgreindur eftir aldri nemenda, þ.e. spurt sérstaklega um úrræði á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi. Úrræði eru svipuð á yngsta og miðstigi, getuskiptir hópar, þemaverkefni og sjálfstæð verkefnavinna í rúmlega 40% skóla sem svara og eru með viðkomandi stig, einstaklingsáætlanir í um 29% skólanna og aldursblandaðir hópar í um 22% þeirra. Á unglingastigi býðst nemendum að taka áfanga á framhaldsskólastigi í 80% skóla (21) sem svara og eru með viðkomandi stig og í um 40% skólanna (11) er ferðakerfi (hraðferð/hægferð). Einstaklingsáætlanir fá nemendur aðeins í 4 skólum (sjá fylgiskjal 2, niðurstöður úr spurningalista).

Samantekt eftir stigum

Yngsta stig: Í um 38% skóla með yngsta stig (12) er raðað í námshópa eftir námsgetu og þá helst í íslensku og stærðfræði. Í 7 skólum eru aldursblandaðir hópar og í 13 skólum fá nemendur sjálfstæð verkefni sem ætlað er að koma til móts við bráðgera hópinn og þá helst í íslensku og stærðfræði. Einstaklingsáætlun fá bráðgerir nemendur í 9 skólum einnig helst í íslensku og stærðfræði. Í 12 skólum eru þemaverkefni notuð í þessum tilgangi og dreifast þau jafnt á námsgreinar. Í einum skóla er boðið upp á fjarkennslu í stærðfræði fyrir þennan aldurshóp.

Miðstig: Í um 33% skóla með miðstig er raðað í námshópa eftir námsgetu og þá helst í íslensku og stærðfræði. Eins og á yngsta stigi eru í 7 skólum aldursblandaðir hópar bæði í bóklegum og verklegum greinum og í 17 skólum fá nemendur sjálfstæð verkefni sem ætlað er að koma til móts við bráðgera hópinn og þá helst í íslensku og stærðfræði. Einstaklingsáætlun fá bráðgerir nemendur í 9 skólum einnig helst í íslensku og stærðfræði. Í 10 skólum eru þemaverkefni notuð í þessum tilgangi og dreifast þau jafnt á námsgreinar. Hvergi kemur fram að boðið sé upp á fjarkennslu fyrir þennan aldurshóp.

Unglingastig: Í um 42% skóla með unglingastig (11) er raðað í námshópa eftir námsgetu og þá helst í íslensku og stærðfræði, dönsku og ensku. Í 10 skólum eru aldursblandaðir hópar bæði í bóklegum og verklegum greinum og í 12 skólum fá nemendur sjálfstæð verkefni sem ætlað er að koma til móts við bráðgera hópinn og þá helst í íslensku og stærðfræði, dönsku og ensku. Einstaklingsáætlun fá bráðgerir nemendur í 4 skólum einnig helst í íslensku og stærðfræði, dönsku og ensku. Í 9 skólum eru þemaverkefni notuð í þessum tilgangi og dreifast þau jafnt á námsgreinar. Í 11 skólum eða nær þriðjungu skóla sem svara er boðið upp á fjarkennslu í ýmsum greinum fyrir þennan aldurshóp. Í um þriðjungu skólanna er boðið upp á ferðakerfi (hraðferð/hægferð) í bóklegum greinum til að koma til móts við bráðgera nemendur. Í 80% skóla með unglingastig (21) taka nemendur áfanga í framhaldsskóla, helst í stærðfræði og ensku.

III. SKILGREINING Á HÓPNUM

Hópurinn hefur töluvert fjallað um skilgreiningu á þeim hópi barna sem um ræðir. Flest rit um bráðger börn hefjast á tilraunum til að skilgreina þennan hóp barna. Nánast undantekningarlaust hefja höfundar mál sitt með því að greina frá hversu erfitt er að setja fram eina, óvæfengjanlega skilgreiningu í þessu sambandi og ósjaldan er vísað til þess, að mannleg greind sé í raun eins flókin og margbreytileg eins og einstaklingarnir eru margir.

Á ensku hafa orðin *very able, high ability, gifted* og *talented* oftast verið notuð og ólíkt orðaval endurspeglar í raun hversu skiptar skoðanir eru á því um hvaða hóp einstaklinga er að ræða. Einnig kemur fyrir orðið *precocious* sem er líklega næst merkingu orðsins *bráðger*.

Í *International Handbook of Giftedness and Talent* (Ziegler o.fl., 2000) er bent á að þótt flestar skilgreiningar vísi til hárrar greindar, þá fari þeim fjölgandi sem hallist að því að skoða mismunandi greindarsvið eða greindir samanber svonefnda fjölgreindakenningu. Þannig er gert ráð fyrir mörgum greindum og að einstaklingar séu missterkir hvað þær varðar, sumir hafi t.d. sérstaka samskiptahæfileika, aðrir rök- og stærðfræðihæfileika, enn aðrir sérstaka listræna hæfileika eða hæfileika til að beita líkama sínum og til eru þeir sem skera sig til dæmis úr vegna sérstaks viðskiptavits.

Starfshópurinn telur æskilegast að setja skilgreiningu fram með þeim hætti að talin séu upp einkenni þeirra barna sem teljast bráðger. Með því að athuga hvort umrædd einkenni séu til staðar eiga að geta fengist góð hugmynd um hvort viðkomandi barn telst bráðgert. Helgast þessi aðferðafræði af því að engin ein skilgreining er til staðar og því verður að byggja á mati. Skilgreiningin getur því tæpast verið falin í öðru en að setja fram tiltekin viðmið sem æskilegt er að styðjast við jafnhliða námsmati og mati kennara.

Stuðst var við gátlista í heimildum við gerð listans, m.a. gátlista í bók Smutny, *Gifted Education* (2003) og gátlista á vefsíðu David C. Baird's *Gifted Children Website* (2004). Sú skilgreining sem hópurinn setur fram er samkvæmt þessu eftirfarandi:

Bráðger börn – skilgreining og viðmið

Þau börn teljast bráðger sem sýna framúrskarandi hæfileika, hvort sem er á einu eða mörgum sviðum. Bráðger börn eru líklegri en önnur börn til að:

- sýna óvenju snemma miðað við aldur mikla hæfileika á einu eða fleiri sviðum
- hafa sterka innri áhugahvöt og námsárangur sem skýrist ekki síður af eigin náms- og rannsóknarhvöt en áhrifum umhverfisins
- geta unnið úr framandi upplýsingum og geta yfirfært þekkingu, reynslu og innsæi á framandi aðstæður
- hugsa óhlutbundið og eiga auðvelt með að leysa framandi og óvænt verkefni
- fá hlutfallslega háar einkunnir í prófum og öðru námsmati
- vera næm á aðstæður, sýna hluttekningu eða samhygd (e. empathy) og hafa áhuga á samfélagsmálum
- vera gagnrýnin og koma auga á ósamræmi eða ósamkvæmni
- vinna skipulega og kerfisbundið
- heillast svo af ákveðnum sviðum náms eða námsgreinum að þau geti ekki stillt sig um að kafa dýpra eða æfa sig meira
- vera rökföst og hafa áhuga á orsakasamhengi
- vera óvenju skapandi og hugmyndarík
- eiga auðvelt með að tjá hugsanir og hugmyndir
- sýna leiðtoga-hæfileika og sætta deilur
- sýna óvenjulega mikla hæfileika í listum, hönnun eða íþróttum

Listinn hefur verið borinn undir einstaka skólastjórnendur, kennara og kennsluráðgjafa til að upptalningin nái sem best yfir það sem ætlunin er að reyna að skilgreina með þessu.

Skilgreiningin var send til umsagnar nokkurra aðila. Umsagnir sem bárust voru jákvæðar og telja viðkomandi gagnlegt að hafa slíkan lista til viðmiðunar til að finna bráðgera nemendur.

IV. HUGMYNDIR AÐ ÚRRÆÐUM Í SKÓLUM

Leiðarljós fræðslumála í Reykjavík: Að börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.

Bráðger börn fá eðlilegar námshvetjandi aðstæður inni í sínum skóla og í sínu námi.

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík birtist stefnumótun fyrir starf grunnskólanna í borginni, almenn markmið og langtímasýn. Þar er eitt meginmarkmiða einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda. Lögð er áhersla á að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins og að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og starfi eftir einstaklingsáætlunum sem unnar eru í samvinnu nemenda, kennara og foreldra. Starfshópurinn hefur í vinnu sinni og umræðu lagt mikla áherslu á að úrræði fyrir bráðger börn falli að þessum meginmarkmiðum og einnig lagt áherslu á að tillögur séu raunhæfar og framkvæmanlegar miðað við aðstæður í skólastarfi eins og þær eru nú. Það er álit starfshópsins að auka þurfi þekkingu meðal skólafólks á hópnum bráðger börn og koma markvissar til móts við þau í námi.

Hópurinn gerir það að megentillögu sinni að allir grunnskólar í Reykjavík verði hvattir til að setja sér áætlun um hvernig komið er til móts við bráðger börn og geri grein fyrir henni í skólanámskrá. Áætlunin felir m.a. í sér að:

- a) Hugmyndin um skólastarf sem tekur mið af fjölbreytileika og einstaklingsmun sé markvisst kynnt í skólanum, bæði í skólanámskrá og einnig í almennri umræðu, svo að litið verði á bráðger börn sem eðlilegan samstarfshóp í skólastarfinu og stolt skólans og styrk út á við, t.d. í samskiptum við aðra skóla.
- b) Í hverjum skóla verði ákveðnum aðila falin ábyrgð á því að sinna bráðgerum börnum sérstaklega. Hann fái það verkefni innan skólans að þróa lausnir sem taka mið af vitsmunalegum hæfileikum nemenda jafnt og verkfærni, listhneigð eða líkamlegri færni. Heppilegt getur verið að skoða þetta í ljósi hefðbundinnar skiptingar námsgreina í bóknámsgreinar, verknámsgreinar, listgreinar, dans og íþróttir.
- c) Verkefninu sé ætlaður staður í skólanum og tími í starfsáætlun og stundatöflum.
- d) Á þennan stað og til þessa aðila geti börnin leitað liðsinnis í sjálfstæðri verkefnavinnu og upplýsingaleit, þar geti þau fengið aðstoð og efni til að dýpka þekkingu sína.
- e) Leitast verði við að búa til hópa innan skólans þar sem bráðger börn hittast og vinna með jafningjum á ólíkum aldri.
- f) Bráðgerum nemendum verði gert auðveldara en nú er að flýta fyrir sér í námi, Flýting getur jafnt falið í sér að ljúka grunnskóla á færri en 10 árum eða taka framhaldsskólaáfangu í grunnskóla.

Hugmyndir um aðgerðir

1. Skólar verði hvattir til að vinna þróunarverkefni á þessu sviði og sækja um styrki til fræðsluráðs.
2. Sett verði upp vefsíða með gagnasafni, upplýsingum og verkefnum, lista yfir námsefni og tilboð þar sem höfðað er til bráðgera barna innan skóla sem utan. Þar

komi einnig fram helstu skilgreiningar og möguleg úrræði eftir aðstæðum. Síðan verði aðgengileg og opin, nemendum, foreldrum og kennurum. Þar verði einnig miðlað upplýsingum um verkefni og úrræði í einstökum skólum.¹

3. Auglýst verði eftir skóla sem gerast vill gerast móðurskóli á þessu sviði og veita öðrum skólum ráðgjöf.
4. Haldin verði námskeið fyrir grunnskólakennara um bráðger börn, úrræði fyrir þau og möguleg viðfangsefni. Í tengslum við námskeiðin sé komið á fót samstarfsverkefnum milli skóla um viðfangsefni fyrir bráðger börn, m.a. með nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni.
5. Búinn verði til vettvangur þar sem bráðger börn úr skólum Reykjavíkurborgar geti komið saman og rætt ákveðin málefni, sýnt og kynnt verk sín og borið saman niðurstöður sínar, t.d. úr rannsóknum á afmörkuðum sviðum. Þetta mætti til dæmis vera með svipuðu sniði og vísindastefnur (*science fairs*) ungs fólks sem tíðkast víða erlendis. Hverju sinni mætti t.d. velja ákveðið þema til umfjöllunar.

Greinargerð

Bráðgerir nemendur tileinka sér efni hraðar en aðrir og þurfa ekki sömu endurtekningar. Samkvæmt Smutny (2003, s.38) þurfa bráðgerir nemendur að fá tækifæri til að nota, þroska og skilja rökhugsun, innsæi og sérhæfileika (e.higher mental processes) og eigin sköpunarþörf (e.creativity). Þau þurfa að fá tækifæri til að umgangast jafningja sína. Þau þurfa að fá tækifæri til að kafa dýpra í viðfangsefni, fá verkefni sem hvetja til rannsókna og upplýsingaleitar og fá samþætt verkefni sem auðvelda þeim að skilja tengsl ólíkra greina. Fáir þessir nemendur ekki verkefni við hæfi getur það leitt af sér leiða, truflandi hegðun og jafnvel slakan námsárangur (Freeman, 1998).

Hugarfarsbreytingu þarf til að skóli og kennarar komi markvissar til móts við þennan hóp barna. Hugmyndinni um skólastarf sem tekur mið af fjölbreytileika og einstaklingsmun þarf að halda markvisst á lofti, bæði í skólanámskrá og einnig í almennri umræðu, svo að litið verði á bráðger börn sem eðlilegan samstarfshóp í skólastarfinu og stolt skólans og styrk út á við, t.d. í samskiptum við aðra skóla.

Í skrifum um úrræði fyrir bráðger börn er einkum minnst á *þrenns konar leiðir*, þ.e. skipulag skólastarfs sem tekur mið af einstaklingsmun, flýtingu einstakra nemenda í námi og dýpkun viðfangsefna.

a) Í skólastarfi sem tekur mið af einstaklingsmun (*differentiated curriculum*) er innbyggður sveigjanleiki í heildarskipulag hvers skóla, svo möguleiki sé á einstaklingsáætlunum sem taka tillit til getu og þarfa einstakra nemenda, ekki síst bráðgerra barna. Einstaklingsáætlanir og sveigjanleiki í vali, vinnu og skilum verkefna þar sem áhugahvöt einstaklings fær að njóta sín er vísasta leiðin til að bráðger börn fái tækifæri til að kljást við viðfangsefni sem reyna á getu þeirra og leiða þau áfram til aukinnar þekkingar og færni. Nýta þarf möguleika upplýsingatækninnar, efla sjálfstæð vinnubrögð og þekkingarleit.

b) Flýting (*acceleration*) getur átt sér ýmiss konar útfærslur. Þó er algengasta úrræðið það að flýta barni t.d. um eitt ár í námi. Ákvæði laga um að börn skuli hefja skyldunám á því

¹ Hér má nefna vísi að hugmyndasmiðju í Árbæjarskóla, nýsköpun í Foldaskóla, kennslu í hönnun og tækni í Melaskóla, stöðvavinnu í Háteigsskóla, áætlun vinnuhesta í Ölduselsskóla o.fl.

almanaksári sem þau verða 6 ára er væntanlega sett til að tryggja jafna stöðu allra. Mikill munur getur verið á vitsmunalegum, félagslegum, tilfinningalegum og líkamlegum þroska barna sem fædd eru á sama ári. Flýting getur jafnt falið í sér að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum², t.d. með því að taka 8. og 9. bekk saman eða taka samræmd lokapróf í 8. eða 9. bekk og nýta tíma sinn í að taka einingar á framhaldsskólastigi samhliða grunnskólanum.

c) Dýpkun (*enrichment*) felur það í sér að bráðger börn kafa mun dýpra í afmörkuð viðfangsefni en meginþorri nemenda gerir. Útfærslur geta verið með ýmsum hætti, t.d. með þemanámi eða verkefnavinnu einnig getur dýpkun verið liður í stöðvavinnu eða hringekju með því að setja upp verkefni sem höfða sérstaklega til þessa nemendahóps. Þegar sérgreinar eru kenndar í lotum, list- og verkgreinar, samfélagsgreinar, náttúrufræði eða lífsleikni geta einnig skapast tækifæri til að kafa dýpra í viðfangsefni. Breikkun (*horizontal enrichment*)³ er önnur útfærsla á sama hugtaki. Hún felur í sér að nemandinn tekur fleiri viðfangsefni af svipuðu tagi og meginþorri nemenda glímir við, t.d. viðbótardæmi um almenn brot í stærðfræði. Breikkun ein og sér gerir líklega nemendum lítið nema höfðað sé til áhugasviðs þeirra sérstaklega. En hún gæti farið saman með dýpkun og skipulagi sem tekur mið af einstaklingsmun.

V. NIÐURSTÖÐUR

Starfshópurinn telur brýnt að bregðast við þörfum þess nemendahóps sem hér er fjallað um. Árangur íslenskra barna í alþjóðlegum könnunum sýnir að breiddin í frammistöðu þeirra er minni en nokkurs staðar annars staðar. Það gefur vísbendingu um að meðal nemenda okkar sé hópur sem ekki er að ná þeim besta árangri sem hann gæti náð með meiri örvun og hvatningu, með öðrum orðum, allt að 20% nemenda nýtir ekki hæfileika sína til fulls. Líta verður einnig til þess að hæfileikar nemenda liggja á ólíkum sviðum. List- og verkgreinar þurfa að fá sess og virðingu ekki síður en bóklegar greinar til að nemendur njóti styrks síns, áhuga og færni á þeim sviðum. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að: „Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ítrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám.“ (Aðalnámskrá, almennur hluti, s.21)

Viðbrögð skólayfirvalda til þess að rétta hlut þess nemendahóps sem hér hefur verið fjallað um eiga að felast í stefnumótun um framkvæmdina og stuðningi við skóla til að fylgja framkvæmdinni eftir með það að leiðarljósi eins og segir starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík: *Að börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.*

² Grunnskólalög nr.66/1995 heimila að nemendi ljúki öllu námi í grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum, gr. 35. Þetta er ítrekað í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (1999), s.50.

³Snowman og Biehler (1997) nefna reyndar 6 leiðir: 1) acceleration, 2) vertical and/or horizontal enrichment, 3) individual study projects, 4) supplementary reading and writing, 5) encouraging creative hobbies, and 6) tutoring or correspondence with a sponsor in a particular area of interest, s.747.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti (1999). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

David C. Baird's *Gifted Children Website*. <http://www.giftedchildren.cjb.net/>. [febrúar 2004].

Freeman, Joan (1994). *Some Emotional Aspects of Being Gifted*. *Journal for the Education of the Gifted*, 17(2), 180-197.

Freeman, Joan (1998). *Educating the Very Able*. Current International Research. London. Ofsted.

George, David. (1992). *The Challenge of the Able Child*. David Fulton Publishers.

Grunnskólalög nr.66/1995. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Guidance on Teaching Gifted+Talented Pupils. <http://www.nc.uk.net/gt/general/index.htm>. [febrúar 2004].

Meyvant Þórólfsson.(2003). *Bráðger börn – Verkefni við hæfi*. Áfangaskýrsla, óútg.. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

OECD PISA 2000. Fyrstu niðurstöður rannsóknar á lestri, stærðfræði og náttúrufræði á meðal 15 ára nemenda. www.namsmat.is/PISA [febrúar 2004].

PIRLS - Fjölbjóðleg rannsókn á læsi 9 ára barna. www.namsmat.is/PIRLS [febrúar 2004].

Snowman, J., Biehler R. (1997, 8.ed.). *Psychology applied to teaching*. Boston. Houghton Mifflin.

Smutny, Joan, F. (2003). *Gifted Education. Promising Practices*. Bloomington. Phi Delta Kappa Educational Foundation.

Ziegler, Albert og Heller, Kurt A. (2000). Conceptions of Giftedness from a Meta-Theoretical Perspective. *International Handbook of Giftedness and Talent*. Önnur útgáfa. Heller, Mönks o.fl. ritstýrðu. Elsevier Science Ltd.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Bréf með spurningalista til skólustjóra

Fylgiskjal 2 Niðurstöður úr spurningalista til skólustjóra

Ágæti skólastjóri

13.2.2004

Efni: Bráðger börn. Könnun til skólastjóra.

Fræðsluráð skipaði fyrir nokkru starfshóp um bráðger börn sem hefur það hlutverk að móta tillögur til fræðsluráðs um hvernig verði komið til móts við þarfir bráðgerra barna innan grunnskólans með krefjandi og ögrandi verkefnum

Verkefni hópsins er m.a. að afla upplýsinga um hvað hefur verið gert í grunnskólum sérstaklega fyrir þennan nemendahóp. Könnunin sem fylgir bréfi þessu er ætluð til að afla sem gleggstrar vitneskju um á hvern hátt komið er til móts við bráðgera nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.

Það er afar nauðsynlegt að starfshópurinn geti byggt tillögur sínar á upplýsingum um það sem skólar eru nú þegar að gera á þessu sviði. Því eru skólastjórar beðnir að bregðast hratt og vel við, svara spurningalistanum og senda til baka eigi síðar en föstudaginn 27. febrúar nk.

Bent skal á að sömu spurningar eru að hluta endurteknar fyrir yngsta stig, miðstig og unglingastig þar sem gert er ráð fyrir að úrræði geti verið mismunandi eftir aldursstigum.

Með kveðju og þökkum

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Sviðsstjóri þróunarsviðs

Svör við almennum spurningum	2
Spurning 2a. Kemur skólinn til móts við bráðger börn með sérstökum úrræðum á þessu skólaári?	2
Spurning 3a. Hvernig skilgreinir skólinn hópinn bráðger börn?	2
Spurning 4. Er gerð grein fyrir skólanámskrá hvernig komið er til móts við bráðger börn?	2
Spurning 25a. Kemur skólinn til móts við bráðgera nemendur með öðrum úrræðum en koma fram hér á undan?	2
Svör við spurningum um yngsta stig 1. – 4. bekk	3
Spurning 5a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?	3
Spurning 5b. Ef já við sp. 5a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?	3
Spurning 6a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?	3
Spurning 6b. Ef já við sp. 6a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?	3
Spurning 7a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?	4
Spurning 7b. Ef já við sp.7a, í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?	4
Spurning 8a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?	4
Spurning 8b. Ef já við sp. 8a, í hvaða námsgreinum fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun?	4
Spurning 9a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?	5
Spurning 9b. Ef já við sp. 9a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur?	5
Spurning 10a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessu skólaári?	5
Spurning 10b. Ef já við sp.10a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu?	5
Svör við spurningum um miðstig 5. -7.bekk	6
Spurning 11a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?	6
Spurning 11b. Ef já við sp. 11a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?	6
Spurning 12a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?	6
Spurning 12b. Ef já við sp. 12a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?	6
Spurning 13a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?	7
Spurning 13b. Ef já við sp. 13a, í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?	7
Spurning 14a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?	7
Spurning 14b. Ef já við sp. 14a, í hvaða námsgreinum fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun?	7
Spurning 15a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?	8
Spurning 15b. Ef já við sp.15a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma á móts við bráðgera nemendur?	8
Spurning 16a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessu skólaári?	8
Spurning 16b. Ef já við sp. 16a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu? (Engin svaraði já.)	8
Svör við spurningum um efsta stig 8. -10.bekkur	9
Spurning 17a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?	9
Spurning 17b. Ef já við sp. 17a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?	9
Spurning 18a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?	9
Spurning 18b. Ef já við sp. 18a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?	9
Spurning 19a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?	10
Spurning 19b. Ef já við spurningu 19a. í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?	10
Spurning 20a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?	10
Spurning 20b. Ef já við sp. 20a, í hvaða námsgreinum fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun?	10
Spurning 21a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?	11
Spurning 21b. Ef já við sp. 21a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur?	11
Spurning 22a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessari önn?	11
Spurning 22b. Ef já við sp.22a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu?	11
Spurning 23a. Notar skólinn ferðakerfi á þessu skólaári? (Hægferð/hraðferð)	12
Spurning 23b. Ef já við sp. 23a, í hvaða námsgreinum notar skólinn ferðakerfi?	12
Spurning 24a. Taka nemendur á unglingastigi áfanga í framhaldsskóla á þessari önn?	12
Spurning 24b. Ef já við sp. 24a, í hvaða námsgreinum taka nemendur áfanga í framhaldsskóla?	12
Svör við opnum spurningum	13
Spurning 2b. Ef nei við sp. 2a, hvað hamlar því að skólinn komi til móts við bráðger börn?	13
Spurning 3b. Skilgreinir skólinn hópinn bráðger börn á annan hátt?	13
Spurning 25b. Ef já við sp. 25a, hvaða önnur úrræði kemur skólinn með til móts við bráðgera nemendur?	13
Spurning 26. Hvaða leið er að mati skólans æskilegast að fara til að koma til móts við bráðger börn?	14

Svör við almennum spurningum

Spurning 2a. Kemur skólinn til móts við bráðger börn með sérstökum úrræðum á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	26	74,3	74,3
Nei	9	25,7	25,7
Alls	35	100,0	100,0

Spurning 3a. Hvernig skilgreinir skólinn hópinn bráðger börn?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Eftir einkunnum á prófum	4	11,4	11,4
Eftir frammistöðu í ákveðnum námsgreinum	1	2,9	2,9
Eftir ábendingum kennara	6	17,1	17,1
Skóli hefur ekki skilgreint þennan hóp	7	20,0	20,0
Önnur viðmið (opið svar)	17	48,6	48,6
Alls	35	100,0	100,0

Spurning 4. Er gerð grein fyrir skólanámskrá hvernig komið er til móts við bráðger börn?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	11	31,4	33,3
Nei	22	62,9	66,7
Alls	33	94,3	100,0
Svara ekki	2	5,7	
Alls	35	100,0	

Spurning 25a. Kemur skólinn til móts við bráðgera nemendur með öðrum úrræðum en koma fram hér á undan?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	10	28,6	43,5
Nei	13	37,1	56,5
Alls	23	65,7	100,0
Svara ekki	12	34,3	
Alls	35	100,0	

Svör við spurningum um yngsta stig 1. – 4. bekk**Spurning 5a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?**

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	12	37,5	37,5
Nei	20	62,5	62,5
Alls	32	100,0	100,0

Spurning 5b. Ef já við sp. 5a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	11	34,4
Stærðfræði	10	31,3
Íþróttir	1	3,1
Listum	1	3,1

Spurning 6a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	7	21,9	22,6
Nei	24	75,0	77,4
Alls	31	96,9	100,0
Svara ekki	1	3,125	
Alls	32	100,0	

Spurning 6b. Ef já við sp. 6a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	4	12,5
Stærðfræði	4	12,5
Dönsku	1	3,1
Ensku	2	6,25
Heimilisfræði	3	9,4
Íþróttir	2	6,3
Listum	3	9,4
Lífsleikni	4	12,5
Náttúrufræði	3	9,375
Samfélagsfræði	5	15,6
Kristinfræðum	3	9,4
Upplýsinga- og tæknimennt	4	12,5

Spurning 7a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	13	40,6	41,9
Nei	18	56,3	58,1
Alls	31	96,9	100,0
Svara ekki	1	3,125	
Alls	32	100,0	

Spurning 7b. Ef já við sp.7a, í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	9	28,1
Stærðfræði	12	37,5
Dönsku	1	3,1
Ensku	1	3,1
Listum	3	9,4
Lífsleikni	1	3,1
Náttúrufræði	3	9,4
Samfélagsfræði	5	15,6
Kristinfræðum	1	3,1
Upplýsinga- og tæknimennt	8	25,0

Spurning 8a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	9	28,1	29,0
Nei	22	68,8	71,0
Alls	31	96,9	100,0
Svara ekki	1	3,1	
Alls	32	100,0	

Spurning 8b. Ef já við sp. 8a, í hvaða námsgreinum fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	8	25,0
Stærðfræði	9	28,1
Dönsku	1	3,1
Upplýsinga- og tæknimennt	2	6,3

Spurning 9a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	12	37,5	40,0
Nei	18	56,3	60,0
Alls	30	93,8	100,0
Svara ekki	2	6,3	
Alls	32	100,0	

Spurning 9b. Ef já við sp. 9a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	3	9,4
Stærðfræði	2	6,3
Listum	8	25,0
Lífsleikni	6	18,8
Náttúrufræði	3	9,4
Samfélagsfræði	7	21,9
Kristinfræðum	3	9,4
Upplýsinga- og tæknimennt	5	15,6

Spurning 10a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall(%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	1	3,1	3,2
Nei	30	93,8	96,8
Alls	31	96,9	100,0
Svara ekki	1	3,1	
Alls	32	100,0	

Spurning 10b. Ef já við sp.10a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Stærðfræði	1	3,1

Svör við spurningum um miðstig 5. -7.bekk**Spurning 11a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?**

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	10	32,3	33,3
Nei	20	64,5	66,7
Alls	30	96,8	100,0
Svara ekki	1	3,2	
Alls	31	100,0	

Spurning 11b. Ef já við sp. 11a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslenska	8	25,8
Stærðfræði	9	29,0
Dönsku	1	3,2
Ensku	1	3,2
Samfélagsfræði	1	3,2
Upplýsinga- og tæknimennt	1	3,2

Spurning 12a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	7	22,6	22,6
Nei	24	77,4	77,4
Alls	31	100,0	100,0

Spurning 12b. Ef já við sp. 12a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslenska	4	12,9
Stærðfræði	4	12,9
Dönsku	1	3,2
Ensku	3	9,7
Heimilisfræði	3	9,7
Íþróttir	2	6,5
Listum	4	12,9
Lífsleikni	3	9,7
Náttúrufræði	3	9,7
Samfélagsfræði	3	9,7
Kristinfræðum	2	6,5
Upplýsinga- og tæknimennt	2	6,5

Spurning 13a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	17	54,8	54,8
Nei	14	45,2	45,2
Alls	31	100,0	100,0

Spurning 13b. Ef já við sp. 13a, í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslenska	14	45,2
Stærðfræði	13	41,9
Dönsku	3	9,7
Ensku	5	16,1
Listum	2	6,5
Lífsleikni	1	3,2
Náttúrufræði	1	3,2
Samfélagsfræði	5	16,1
Kristinfræðum	2	6,5
Upplýsinga- og tæknimennt	6	19,4

Spurning 14a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	7	22,6	22,6
Nei	24	77,4	77,4
Alls	31	100,0	100,0

Spurning 14b. Ef já við sp. 14a, í hvaða námsgreinum fá bráðgeriri nemendur einstaklingsáætlun?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslenska	4	12,9
Stærðfræði	6	19,4
Dönsku	1	3,2
Ensku	1	3,2
Upplýsinga- og tæknimennt	2	6,5

Spurning 15a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	10	32,3	33,3
Nei	20	64,5	66,7
Alls	30	96,8	100,0
Svara ekki	1	3,2	
Alls	31	100,0	

Spurning 15b. Ef já við sp.15a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma á móts við bráðgera nemendur?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslenska	4	12,9
Stærðfræði	2	6,5
Listum	3	9,7
Lífsleikni	4	12,9
Náttúrufræði	1	3,2
Samfélagsfræði	9	29,0
Kristinfræðum	1	3,2
Upplýsinga- og tæknimennt	4	12,9

Spurning 16a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Nei	30	96,8	100,0
Svara ekki	1	3,2	
Alls	31	100,0	

Spurning 16b. Ef já við sp. 16a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu? (Engin svaraði.)

Svör við spurningum um efsta stig 8. -10.bekkur**Spurning 17a. Er nemendum raðað í námshópa eftir námsgetu á þessu skólaári?**

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	11	42,3	44,0
Nei	14	53,8	56,0
Alls	25	96,2	100,0
Svara ekki	1	3,8	
Alls	26	100,0	

Spurning 17b. Ef já við sp. 17a, í hvaða námsgreinum er raðað eftir námsgetu?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	10	38,5
Stærðfræði	11	42,3
Dönsku	6	23,1
Ensku	7	26,9
Lífsleikni	3	11,5
Náttúrufræði	4	15,4
Samfélagsfræði	4	15,4
Upplýsinga- og tæknimennt	2	7,7

Spurning 18a. Eru aldursblandaðir námshópar á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	10	38,5	38,5
Nei	16	61,5	61,5
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 18b. Ef já við sp. 18a, í hvaða námsgreinum eru aldursblandaðir námshópar?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	4	15,4
Stærðfræði	5	19,2
Dönsku	3	11,5
Ensku	3	11,5
Heimilisfræði	5	19,2
Íþróttir	4	15,4
Listum	6	23,1
Lífsleikni	2	7,7
Náttúrufræði	2	7,7
Samfélagsfræði	2	7,7

Kristinfræðum	1	3,8
Upplýsinga- og tæknimennt	5	19,2

Spurning 19a. Vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	12	46,2	46,2
Nei	14	53,8	53,8
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 19b. Ef já við spurningu 19a. í hvaða námsgreinum vinna bráðgerir nemendur sjálfstæð verkefni?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	6	23,1
Stærðfræði	8	30,8
Dönsku	7	26,9
Ensku	8	30,8
Listum	2	7,7
Lífsleikni	1	3,8
Náttúrufræði	2	7,7
Samfélagsfræði	3	11,5
Kristinfræðum	1	3,8
Upplýsinga- og tæknimennt	2	7,7

Spurning 20a. Fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	4	15,4	15,4
Nei	22	84,6	84,6
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 20b. Ef já við sp. 20a, í hvaða námsgreinum fá bráðgerir nemendur einstaklingsáætlun?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	1	3,8
Stærðfræði	2	7,7
Dönsku	2	7,7
Ensku	2	7,7
Upplýsinga- og tæknimennt	1	3,8

Spurning 21a. Eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur á þessu skólaári?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	9	34,6	34,6
Nei	17	65,4	65,4
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 21b. Ef já við sp. 21a, í hvaða námsgreinum eru þemaverkefni notuð til að koma til móts við bráðgera nemendur?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	6	23,1
Stærðfræði	5	19,2
Dönsku	4	15,4
Ensku	4	15,4
Listum	3	11,5
Lífsleikni	1	3,8
Náttúrufræði	4	15,4
Samfélagsfræði	4	15,4
Kristinfræðum	2	7,7
Upplýsinga- og tæknimennt	4	15,4

Spurning 22a. Eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu á þessari önn?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	11	42,3	42,3
Nei	15	57,7	57,7
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 22b. Ef já við sp.22a, í hvaða námsgreinum eiga bráðgerir nemendur kost á fjarkennslu?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	2	7,7
Stærðfræði	5	19,2
Dönsku	4	15,4
Ensku	5	19,2
Listum	1	3,8
Náttúrufræði	2	7,7
Upplýsinga- og tæknimennt	2	7,7

Spurning 23a. Notar skólinn ferðakerfi á þessu skólaári? (Hægferð/hraðferð)

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	11	42,3	42,3
Nei	15	57,7	57,7
Alls	26	100,0	100,0

Spurning 23b. Ef já við sp. 23a, í hvaða námsgreinum notar skólinn ferðakerfi?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Íslensku	11	42,3
Stærðfræði	11	42,3
Dönsku	9	34,6
Ensku	9	34,6
Íþróttir	1	3,8
Lífsleikni	2	7,7
Náttúrufræði	6	23,1
Samfélagsfræði	6	23,1
Upplýsinga- og tæknimennt	1	3,8

Spurning 24a. Taka nemendur á unglingastigi áfanga í framhaldsskóla á þessari önn?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) af þeim sem svara
Já	21	80,8	84,0
Nei	4	15,4	16,0
Alls	25	96,2	100,0
Svara ekki	1	3,8	
Alls	26	100,0	

Spurning 24b. Ef já við sp. 24a, í hvaða námsgreinum taka nemendur áfanga í framhaldsskóla?

Námsgreinar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Bókfærsla	1	3,8
Dönsku	4	15,4
Ensku	11	42,3
Félags- og uppeldisfræði	5	19,2
Frönsku	1	3,8
Heimspeki	1	3,8
Íslensku	4	15,4
Íþróttir	1	3,8
Málsmíði	7	26,9
Náttúrufræði	1	3,8
Spænsku	2	7,7
Stærðfræði	15	57,7
Sænsku	1	3,8
Upplýsinga- og tæknimennt	4	15,4
Þýsku	3	11,5

Svör við opnum spurningum**Spurning 2b. Ef nei við sp. 2a, hvað hamlar því að skólinn komi til móts við bráðger börn?**

Opin svör frá 7 grunnskólum í Reykjavík

Skólinn hefur ekki fastmótaða stefnu, en kennarar gera meiri kröfur til bráðgerra nemenda um skil á verkefnum.

Ef til vill óvissa um verkefni, en annars eru flestir kennarar að bjóða sínum nemendum fjölbreytt verkefni og halda ekki aftur af þeim.

Skólinn kemur til móts við öll börn eins og honum er frekast unnt.

Skólinn reynir að koma til móts við alla einstaklinga þ.m.t. "bráðger" með fjölbr.kennsluáðferðum., flýting samr.pr.ofl.

Það vantar stefnu í málinu, er í vinnslu með Port folio áætlun.

M.a.peningaskortur.

Skilgreining á hópnum ekki til í skólanum.

Spurning 3b. Skilgreinir skólinn hópinn bráðger börn á annan hátt?

Opin svör frá 3 skólastjórum í Reykjavík

Viðmið Fræðslumiðstöðvar um bráðger börn.

Greiningar sálfræðinga.

Skólinn telur sig koma til móts við bráðgera nemendur m/einstaklingsmiðuðu námsumhverfi.

Spurning 25b. Ef já við sp. 25a, hvaða önnur úrræði kemur skólinn með til móts við bráðgera nemendur?

Opin svör frá 13 skólastjórum í Reykjavík

Með vinnu þemaverkefna yfir allann veturinn, þar vinna nemendur sjálfstæð verkefni og afla sér upplýsinga á mismunandi vegu.

Hópur hjá sérkennara í stærðfræði á miðstigi.

1 tími settur í aðstoð með fjarnámsnemendum í frönsku.

Nemendur fá einstaklingsnámskrá og þeir eða nemendur í 7.bekk fá einnig að spreyta sig á námsefni í 8.bekk.

Nemendur fá tíma í heimspeki og leiðbeina öldruðum á tölvur.

Hægt er að flýta námi og ljúka grunnskóla í 9.bekk.

Hægt að ljúka samræmdum prófum fyrir.

Nemendur gera einstaklingsáætlun og eru því allir á sínum forsendum í námi. Einnig vinna þeir mikið í þemum, bæði einstaklingar og í hópum og þar er hver að vinna eftir getu.

Reynt að koma til móts við alla nem. Þ.m.t."bráðger börn" Ýmis verkefni t.d.val í 9.-10.bekk kennslustofa á netinu, nýting ýmissa miðla, hljóðvinnsla, kvikmyndir/stuttmyndir.

Við höfum ekki haft skilgreinda stefnu í þessu máli

Sjálfstæð verkefni eru unnin í skólanum, sem eru í margmiðlun og tengjast upplýsinga- og tæknimennt, ritgerðum í íslensku, en þessi verkefni eru ekki bara fyrir bráðger börn.

Tilboð FMR, Bráðger börn í samstarfi við H.Í.

Með aukaverkefnum í ýmsum greinum, einnig eru nemendur sem taka þátt í samstarfsverkefni FMR og Heimililis og skóla fyrir bráðger börn.

Spurning 26. Hvaða leið er að mati skólans æskilegast að fara til að koma til móts við bráðger börn?

Opin svör frá 23 skólastjórum í Reykjavík

Með einstaklingsmiðaðri námskrá, aldursblönduðum námshópum.

Að þessir nemendur fái tækifæri til að beita þekkingu sinni frumkvæði, reynslu og innsæi við lausn viðfangsefna. Einnig þarf að tryggja að bráðgerir nemendur fái tækifæri og aðstæður til að nota sveigjanleg vinnubrögð við lausn viðfangsefna þar sem áhugahvöt þeirra og hæfileikar fá notið sín.

Með söguaðferðinni í kennslu yngri barna og á millistigi þar sem nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega. Vera með val í samvinnu við framhaldsskólann og aðra skóla í Grafarvogi til að ná þar fjölbreytni og hvetja þessa nemendur til að ljúka grunnskólanum í 9.bekk.

Hafa einstaklingsmiðað nám.

Nokkrir nemendur á miðstigi hafa nýtt sér verkefni á vegum FMR o.f.l., æskilegasta leiðin til að koma á móts við bráðger börn tel ég vera að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám í fjarkennslu, en það skýtur nokkuð skökku við að senda bráðger börn á námskeið sem foreldrar borga fyrir meðan við tölum um skóla án aðgreiningar.

Að halda áhugaverð námskeið fyrir nemendur t.d.í skólahverfinu, framhaldsskóla eða háskóla sem ánægja hefur verið með síðustu árin.

Félagsfærni og heimspeki.

Fjarnám.

Varðandi unglíngastig þá eru æskileg tengsl við framhaldsskóla. Skólinn mun bjóða upp á fjarnám (tengsl við framhaldsskóla) næsta skólaár. Verkefnið "leikni" (þróunarstyrkur) mun veita kennurum öryggi til að hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða sem aftur opnar þeim leið til frekara náms, einkum tengt upplýsinga- og tæknimennt.

Við erum mjög sátt við okkar leið. Að líta á hvern einstakling sem einstakan námsmann.

Fyrst og fremst með því að mæta öllum nemendum án þess að koma upp varanlegum merkingum á þeim.

Með einstaklingsmiðuðu námi.

Fjölbreytni í kennsluháttum. Mismunandi hópaskipting t.d. 3 hópar úr 2 bekkjardeildum. Hringekjur o.f.l.

Að þau geti sett sér eigin markmið miðað við getu. Að þau geti unnið á þeim hraða sem þau kjósa. Að fengnir verði utanaðkomandi fyrirlesarar á skólatíma til að dýpka skilning þeirra á völdum efnum.

Hugsanlega samvinna við framhaldsskóla.

Fyrst er að setja kúrsinn.

Ósk skólans er að koma á margmiðlunarverkefni fyrir Bráðger börn.

Um það hefur ekki verið mörkuð stefna.

Bjóða upp á úrræði innan skólans.

Æskilegt að til væri hugmyndabanki aðgengilegur umsjónarkennurum með verkefnum af ýmsum toga.

Æskilegt að hafa einstaklingsáætlun. Einnig áfram verkefni utan skólans s.b.r. Bráðger börn í Háskóla.

Nota einstaklingsmiðað nám. Nýta sér að nemendur í 9.bekk eiga kost á að taka samr. próf. Valáfangar í framhaldsskóla fyrir unglínging og fjarnám.

Einstaklingsmiðað nám og eins margir möguleikar og hægt er gegnum fjarnám/framhaldsnám.

Skólinn er mjög fylgjandi fjarnámi sem valkosti fyrir bráðgera nemendur.

Láta þau hafa nóg af verkefnum af ýmsu tagi, virkja foreldra/heimilin í samstarf og nýta

þekkingu/reynslu skólafólks til að mæta þessum börnum sem best.
